Nd. **50. Frumvarp til laga** [35. mál]

um breyting á lögum nr. 66/1945, um útsvör.

(Lagt fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi, 1957.)

1. gr.

Í stað „10%“ í 2. málslið 26. gr. komi: 3%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

**Fylgiskjal.**

**Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 66/1945, um útsvör.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að hann telji, að upphæð álagðra útsvara hafi af ýmsum ástæðum hækkað svo mjög á síðari árum, að brýna nauðsyn beri til að breyta ákvæði 2. málsliðar 26. gr. gildandi útsvarslaga þannig, að yfirskattanefnd og ríkisskattanefnd verði heimilað að breyta útsvari, sem kært er yfir, ef það reynist að minnsta kosti 3% of hátt eða lágt, í stað 10% eins og nú er í lögum.

Fellst ég því á, með skírskotun til 28. gr. stjórnarskrárinnar, að gefa út svofelld bráðabirgðalög:

1. gr.

Í stað „10%“ í 2. málslið 26. gr. komi: 3%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 26. september 1957.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
**(L. S.)**

*Hannibal Valdimarsson.*